



Reykjavík 07. september 2017

Samrit sent hópi valinna fyrirtækja og hagsmunaaðila.Efni: Stuðningur við íslenska þýðingu á alþjóðlegum stöðlum um eignastjórnun.

Haldinn var undirbúningsfundur með nokkrum fyrirtækjum um mögulega þýðingu staðlanna þar sem Staðlaráð Íslands og stjórn Félags Viðhaldsstjórnunar á Íslandi kynntu verkefnið auk þess að ræða þörf og notagildi staðlanna á íslensku.

Tilgangurinn fundarins var að kanna áhuga á að þýða eftirfarandi staðla um eignastjórnun.

ISO 55000	<i>Asset management – Overview, principles and terminology</i>
ISO 55001	<i>Asset management – Management systems -- Requirements</i>
ISO 55002	<i>Asset management – Management systems – Guidelines for the application of ISO 55001</i>

Niðurstaðan af þessari forvinnu var að senda þetta erindi á stærri hóp valinna fyrirtækja og hagsmunaaðila sem ætla má að gæti nýtt sér staðlana til að koma á þróaðri eignastjórnun og hámarka þannig afkrastur eigna sinna. Til frekari upplýsinga um hugtakið „Eignastjórnun“ fylgir hér með afrit af grein eftir Robert Davis sem tekur utan um efnið á skilmerkilegan hátt og gefur hugmynd um þann ávinning sem markviss eignastjórnun felur í sér.

Tilgangur verkefnisins er að gera staðla um eignastjórnun aðgengilega á íslensku og leggja grunn að aukinni notkun þeirra meðal íslenskra fyrirtækja og stofnana.

Í því sambandi má nefna að staðlarnir:

- byggja á sama grunni og hugmyndafræði eins og t.d. ÍST EN ISO 9001, ÍST EN ISO/IEC 27001 og ÍST EN ISO 14001, sem allir hafa verið þýddir,
- auðvelda innleiðingu eignastjórnunar í íslensku atvinnulífi,
- leggja grunn að samræmdri hugtakanotkun á fagsviðinu,
- leggja grunn að eignastjórnun sem „sérfræðigrein“ í íslensku atvinnulífi,
- tryggja fræðslu og uppbyggingu samræmdrar þekkingar á eignastjórnun.

Staðlaráð mun fylgja þýðingu staðlanna eftir með námskeiðum um efnið í vetur.



Kostnaður við verkefnið er áætlaður 4.400.000 kr.

Til að slík þýðing geti orðið að veruleika þarf að afla fjármagns til verksins hjá hagsmunaaðilum. Því er hér leitað eftir styrk frá þínu fyrirtæki að upphæð 400.000 kr.

Nafna þeirra fyrirtækja og stofnana sem styrkja verkefnið verður getið með áberandi hætti í íslenskri þýðingu staðlanna næstu fimm árin eða meðan staðlarnir eru í gildi. Það yrði til dæmis gert þannig:

„Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir styrktu útgáfu þessa staðals og vilja með því stuðla að framþróun faglegar eignastjórnunar í íslensku atvinnulífi:

[Upptalning á fyrirtækjunum í stafrófsröð] ...“

Þeir sem styrkja verkefnið fá eintak af stöðlunum í íslenskri þýðingu þegar þeir verða gefnir út.

Þegar hafa borist nokkrar staðfestingar frá þeim sem voru á undirbúningsfundinum um framlög en til að geta hafið verkefnið vantar enn talsvert uppá.

Því er fyrirtækjum sem sjá sér fært að styrkja verkefnið vinsamlegast beðin um að senda undirrituðum staðfestingu á framlagi sínu. Mögulegt er að skipta framlagi milli ára ef það hentar.

Nánari upplýsingar veitir Arngrímur Blöndahl í síma 520 7158. Einnig er hægt að senda tölvupóst á arngrimur@stadlar.is.

Kær kveðja,
f.h. Staðlaráðs Íslands
Arngrímur Blöndahl

Fylgiskjöl: Upphafssíður staðlanna fylgja í fylgiskjali til skoðunar.
Grein Robert Davis: *An Introduction to Asset Management*